

## REGLUR

### um tæknilega staðla vegna útlánaáættu.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu í samræmi við ákvæði reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

#### 2. gr.

##### *Útreikningur á sértækri og almennri virðisrýrnun útlána.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu skal fylgja ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013, sbr. 3. gr. þessara reglna.

#### 3. gr.

##### *Birting tæknilegra staðla.*

Með vísan til 2. gr. öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um útreikning á sértækri og almennri virðisrýrnun útlána, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465552288545&uri=CELEX:32014R0183>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 057, þann 27. febrúar 2014, bls. 3-6.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í b-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 2. júní 2017.*

**Anna Mjöll Karlsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Freyr Jónatansson.*